



Fundargerð

1398. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
22. desember 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir varaformaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Friðjón Einarsson boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hann.

* * *

1. Nýtt hjúkrunarheimili (2019050812)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lögð fram drög að viðauka við samning milli heilbrigðisráðuneytis og Reykjanesbæjar um byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjanesbæ. Viðaukinn felur meðal annars í sér fjölgun hjúkrunarrýma úr 60 í 80.

Bæjarráð samþykkir viðaukann og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að undirrita samninginn.

2. Seylubraut 1 – kauptilboð (2022120353)

Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mætti á fundinn.

Lagt fram kauptilboð sem borist hefur í eignina.

Bæjarráð frestar málinu og felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að leiða vinnu við að greina húsnæðisþörf safnahúsa/byggðasafns Reykjanesbæjar.

3. Umsögn vegna rekstrarleyfis – Hljómahöll-veitingar ehf. Hjallavegur 2 (2022110579)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki III-G. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirliggjandi umsagna.

4. Rakaskemmdir í stofnunum – fundargerð byggingarnefndar 15. desember 2022 (2022100267)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 12. desember 2022 (2022010626)
Fundargerð lögð fram til kynningar.
6. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 14. desember 2022 (2022010469)
Fundargerð lögð fram til kynningar.
7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 14. desember 2022 (2022010311)
Fundargerð lögð fram til kynningar.
8. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja bs. 15. desember 2022 (2022020957)
Fundargerð lögð fram til kynningar.
9. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 15. desember 2022 (2022020838)
Fundargerð lögð fram til kynningar.
10. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)
 - a. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti), 537. mál
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0679.pdf>
 - b. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar á fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 (aflvísir), 538. mál
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0680.pdf>

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20